



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA
PRÓFUNARSTOFA
28. maí 2018

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2018 – 2019

Á starfsárinu 2018 til 2019 hefur verið haldið áfram að leggja megináherslu á upplýsinga- og fræðslustarf. Stjórnin heldur úti vefsíðu fyrir SÍP með helstu upplýsingum um starfsemina.

Aðilar að SÍP eru nú 12: Rio Tinto á Íslandi, BM Vallá, Frumherji hf., Hlaðbær Colas, Mannvit hf., Malbikunarstöðin Höfði, Mátis ohf., Neytendastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Steypustöðin ehf og Össur ehf.

Fræðslufundur félagsins: Var áætlað að fá erlenda eða innlenda aðila til að vera með dagsnámskeið og kynningu á nýjum áherslum í ISO/IEC 17025:2017. Reyndi stjórn að fá fleiri en einn aðila en það náðist því miður ekki að semja um tíma og/eða ásættanlegt verð að mati stjórnar. Stefnt verður að því að það náist á haustmánuðum.

Félagið er aðili að bæði Eurolab og Eurachem. Elísabet sótti aðalfund Eurachems á starfsárinu. Innan Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu sérfræðinga í Evrópu, að rýna staðla og útbúa leiðbeiningar í formi ítarlegra vinnubóka “Eurachem Guides” og stuttra leiðbeininga “Information Leaflets”. Félagsmönnum er sérstaklega bent á leiðbeiningar frá Eurachem um breytingarnar á ISO/IEC 17025 fyrir rannsóknastofur. Allar vinnubækur og leiðbeiningar Eurachems eru aðgengilegar á heimasíðu þeirra www.Eurachem.org.

Einnig eru haldin námskeið á þeirra vegum víða um Evrópu og félagsmenn okkar eru hvattir til að kynna sér námskeiðin og sækja þau

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Allar ábendingar eru vel þegnar hvað varðar hversu oft félagar vilja fá tölvupóst frá okkur um t.d.gæðatengd námskeið sem gætu gagnast okkur. Á slóð félagsins eru krækjur í Eurachem og Euralab og á heimasíðu þeirra koma fram áhugaverð námskeið. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar meðal annars er verið að skoða með kynningu/kennslu á 2017 útgáfunni af ISO 17025. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inni SÍP. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergisdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður, Hrólfur Sigurðsson, Mátis ohf, - ritari Halgrímur S. Hallgrímsson Frumherji hf. - gjaldkeri Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf og Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði.

Reykjavík 28. maí 2019

Elísabet Sólbergisdóttir